

Árskógssandur 20. Maí 2019

Hér eru nokkur atriði sem íbúaráð frá Árskógssandi óskar eftir að Umhverfisráð taki fyrir á fundi hjá sér.

1. Íbúaráð telur að nauðsynlegt sé að setja upp vegrið hjá keldunum fyrir ofan Ártún og gömlu vatnspróna.
2. Vegirnir heim að Ártúni, Árbakka, Árgerði, Árbrekku og Lækjarbakka verði lagaðir þar sem þeir eru orðnir mjög lélegir.
3. Óska eftir grisjun á skógreitnum og eru íbúar tilbúnir til að aðstoða við þá vinnu eins og hægt er
4. Ráðið óskar eftir því að það verði betri hirðing á leikvelli og snyrting á gróðri verði aukin frá fyrra ári.
5. Einnig óskar ráðið eftir að fá upplýsingar um hver staðan er með göngu/hjólástíga, lýsingu og gróður upp með Hafnarbraut.
6. Hvað á að gera í sambandi við svæðið milli bensíndælanna og Hafnarbrautar, það er 3ja metra breið rönd utan lóðar bensínstöðvarinnar sem er ómalbikuð, svæði sem hvorki sveitarfélagið né vegagerðin sinnir sem þarf að laga.

Einnig langar íbúaráði til að vita hver staðan er á nokkrum málum sem voru tekin fyrir hjá umhverfisráði á síðasta ári:

1. Hvað á að gera í sambandi við hættulegu krossgötuna hjá Hafnarbraut og Ægisgötu (á leiðinni upp í Bjórböðin), er búið að hafa samband við Vegagerðina og vinna þetta mál með þeim?
2. hvað er að fréttastofu ljósamálum við biðskýli fyrir skólaaksturinn?
3. Samþykkt var að mála hraðatakmarkanir og gangbrautir
4. Hvernig stendur málið með Brúarhvatnsreit og uppbygginguna á því svæði?
5. Verður göngustígurinn milli Öldugötu 7 og 9 lagfærður eins og var talað um?
6. Hvernig er með stigann niður að ferjubryggju, efsti parturinn er hreint og beint hættulegur fyrir þá sem fara þarna um?

Í gegnum árin hefur íbúaráðið ásamt öðrum íbúum á staðnum verið tilbúið til og boðið fram vinnu sína og er almenn óánægja með að ekki hefur verið áhugi hjá sveitarfélaginu að nýta það og má nefna skógreitin og grisjun þar sem dæmi.

Einnig vill ráðið lýsa yfir mikilli óánægju með það að hafa "gleymst" hjá verktakanum sem sá um götumálun í sveitarfélaginu að koma við hér á Árskógssandi og veltir fyrir sér hvert utanumhaldið er á þeim verkum sem eru boðin út.

Virðingafyllt

Íbúaráð á Árskógssandi